



## Kennsluáætlun í íslensku – haust 2020

**Bekkur:** 10. bekkur

**Námsgrein:** Íslenska

**Kennarar:** Alda, Hanna María, Hildur og Kristín Ásta.

**Tímafjöldi:** 6

### Námsgögn:

Íslenska. Kennslubók í málvísi og ljóðlist, eftir Jón Norland og Gunnlaug V. Snævarr.

Mýrin eftir Arnald Indriðason.

Kennslubók í stafsetningu, eftir Árna Þórðarson og Gunnar Guðmundsson.

Gísla saga Súrssonar.

Ritunarbókin, eftir Lasse Ekholm.

Heimir – handbók um heimildaritun, eftir Svanhildi Kr. Sverrisdóttur.

Ýmsar kjörbækur.

### Lykilhæfni:

Námsgreinin kemur inn á alla þætti lykilhæfni sem unnið er út frá samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla:

- *Tjáning og miðlun*
- *Skapandi og gagnrýnin hugsun*
- *Sjálfstæði og samvinnu*
- *Nýting miðla og upplýsinga*
- *Ábyrgð og mat á eigin námi.*

### Grunnþættir:

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla eru grunnþættir menntunar sex. Unnið er með alla þessa þætti, en þó mismikið eftir árgöngum: *læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði og velferð, sköpun.*

Önnur hæfniviðmið sem lúta að almennri framkomu og vinnulagi í tímum og metin yfir allt árið:

- *Tekur ábyrgð á eigin námi.*
- *Virðir vinnufrið annarra.*
- *Vinnur með öðrum og sýnir jákvæðni í samskiptum.*
- *Leitar upplýsinga, les sér til gagns og vinnur sjálfstætt.*
- *Vinnur vel og fer eftir fyrirmælum.*
- *Sýnir vönduð vinnubrögð við verkefnaskil.*
- *Fer eftir þeim fyrirmælum sem lagt er upp með og skilar verkefnum á réttum tíma.*

Námsflokkar	Hæfniviðmið	Kennsluhættir	Námsmat
Lestur og bókmenntir	Að nemendur hafi öðlast færni í lestri og túlkun ljóða, skáldsagna og annarra texta.	Nemendur lesa Gísa sögu Súrssonar, Mýrina og ýmsar sögur og ljóð. Kennari fjallar um efni og leggur inn í tímum og nemendur vinna og skila verkefnum.	Próf og verkefni, skrif í lestrar-dagbók.
Málfræði	Að nemendur kunni skil á orðflokkgreiningu, undirstöðu í hljóðfræði og setningafræði og helstu framburðar-einkenni íslensk máls. Að nemendur geti gert sér grein	Kennari leggur inn reglur og fer yfir verkefni í tímum. Nemendur vinna verkefni og klára heima. Ítarefni notað til að dýpka skilning á efninu.	Próf



## Kennsluáætlun í íslensku – haust 2020

	fyrir notagildi íslenskrar málfræði m.a. í ritun og stafsetningu.		
Ritun og stafsetning	Að nemendur hafi á valdi sínu allar grundavallarreglur varðandi stafsetningu og ritun.	Nemendur vinna ritunarverkefni í tímum og klára þau heima. Unnið verður að verkefni í heimildaritun. Nemendur vinna stafsetningu einu sinni í viku, unnið verður með allar reglur.	Próf og verkefni.
Talað mál, hlustun og áhorf	Að nemandinn geti flutt texta skýrt og áheyrilega með tilliti til efnis og viðtakanda og geti tekið þátt í umræðum um tiltekið efni. Að nemandinn geti hlustað og horft á og nýtt sér upplýsingar í töluðu máli til fróðleiks og skemmtunar.	Nemendur hlusta á sögur og ljóð. Nemendur horfa á myndefni. Nemendur taka þátt í umræðum.	Símat.

### Lokanámsmat í samræmi við hæfniviðmið aðalnámskrár

Málfræðipróf 1

Stafsetning

Ritun

Próf úr Gísla sögu

Próf úr bragfræði

Lokaverkefni úr Mýrinni

Málfræðipróf 2

Lestrardagbók

Leshringjaverkefni

Verkefni úr Gísla sögu

Ástundun

Hópavinna

Áskilinn er réttur til breytinga á áætlun og námsmati.



## Kennsluáætlun í íslensku – haust 2020

Vikan	Viðfangsefni	Námsefni	Dagsetning mats	Annað
24.08-28.08	Málfræði Bókmenntir	Málfræðibók, verkefni 1-4. Kynning á Gísla sögu.		Kynning á efni vetrarins.
31.08-04.09	Málfræði Bókmenntir	Málfræðibók, verkefni 5-9. Bókm. Gísla saga kaflar 1-4.		
07.09-11.09	Málfræði Bókmenntir	Málfræðibók verkefni 10-13. Gísla saga kaflar. 5-8.		Lesbók 1 afhent.
14.09-18.09	Málfræði Bókmenntir	Málfræði, verkefni 14-20. Gísla saga k. 9-12.		Lesvika 1.
21.09-25.09	Málfræði Bókmenntir	Málfræðibók, verk. 21-24. Gísla saga, kaflar 13-17.		Lesvika 2 og leshringur.
28.09-02.10	Málfræði Bókmenntir	Málfræðibók, verk. 25-28. Bókm. Gísla saga kaflar 18-21.	<b>Próf 1 úr stafsetningu.</b>	<b>Starfsdagur 1. okt.</b> Lesvika 3.
05.10-09.10	Málfræði Bókmenntir	Málfræði, verkefni 30-33. Bókm. Gísla saga kaflar 22-31.		Lesvika 4 og leshringur.
12.10-16.10	Málfræði	Málfræði, verkefni 34-35 og upprifjun.		<b>14.-16. okt. eru þemadagar.</b> Lesvika 5.
19.10-23.10	Málfræði Bókmenntir	Málfræðibók, upprifjun. Gísla saga kaflar 32-38. Kynning á Mýrinni.	<b>Próf úr málfræði.</b>	<b>Vetrarfrí 22.-23. okt.</b> Lesvika 6 og leshringur.
26.10-30.10	Málfræði Bókmenntir	Málfræði, verkefni 36-42. Gísla saga. Mýrin bls. 9-40.	Hópavinna. Nafnorð og lýsingarorð.	<b>Starfsdagur er 26. okt.</b>
02.11-06.11	Málfræði Bókmenntir	Málfræði, verkefni 42-45. Mýrin bls. 41-72.	<b>Próf úr Gísla sögu. Útlaginn, kvikmynd.</b>	
09.11-13.11	Málfræði Bókmenntir	Málfræði, verkefni 46-49. Mýrin bls. 73-108.	Gísla saga - hópavinna.	<b>Foreldraviðtöl 11. nón.</b>
16.11-20.11	Málfræði Bókmenntir	Málfræðibók, verk. 50-51. Ljóð bls. 227 – 230. Mýrin bls. 109-147.	<b>Kynning á hópavinnu.</b>	Dagur íslenskrar tungu 16. nóv.
23.11-27.11	Málfræði Bókmenntir	Málfræðibók, verk, 52-55. Ljóð bls. 231-237. Mýrin bls. 148-181.	<b>Skil á ritunar- möppu.</b>	27. nóv er skreytingadagur.
30.11-04.12	Málfræði Bókmenntir	Málfræði, upprifjun. Ljóð bls. 238 – 241. Mýrin bls. 182-212.	<b>Próf úr málfræði.</b> Fornöfn, töluorð og sagnorð.	
07.12-11.12	Málfræði Bókmenntir	Málfræði, verkefni 56-58. Ljóð bls. 238 – 241. Mýrin bls. 213-247.		
14.12-18.12	Málfræði Bókmenntir	Málfræði, verkefni 59-61. Ljóð bls. 210 – 216. Mýrin bls. 248-280.	<b>Mýrin, kvikmynd.</b>	<b>17. des. er jólaball.</b> Lesbók 2 afhent.
19.12-03.01			<b>Jólafrí</b>	<b>Jólafrí</b>
04.01.-08.01	Málfræði Bókmenntir	Málfræði, verkefni 62-64. Ljóð bls. 217 – 225.	<b>Lokaverkefni úr Mýrinni.</b>	<b>Starfsdagur 4. jan.</b>
11.01-15.01	Málfræði Bókmenntir	Málfræði, verkefni 65-67. Ljóð bls. 217 – 225.		Lesvika 1.
18.01-22.01	Málfræði Bókmenntir	Málfræði, verkefni 68-70. Ljóð, upprifjun.		Lesvika 2 og leshringur
25.01-29.01	Málfræði Bókmenntir	Málfræði, verkefni 71-72 og upprifjun.	<b>Próf úr bragfræði og myndmáli.</b>	<b>Starfsdagur 28. jan.</b> Lesvika 3.